



Reykjavík, 3.apríl 2018

**Mál:** Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018 – 2024

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dagsett 20. apríl sl. Umhverfis- og skipulagsvið Reykjavíkurborgar gerir ekki efnislegar athugasemdir við markmið og áherslur sem koma fram í þingsályktuninni. Því er fagnað að lögð er áhersla á samstarf sveitarfélaga við gerð húsnæðisáætlana, m.a. um framboð leiguhúsnæðis, sem er sérlega mikilvægt á höfuðborgarsvæðinu. Tillaga um að mótuð verði höfuðborgarstefnu er einnig fagnaðarefni og þar er mikilvægt að góð samvinna verði milli Reykjavíkurborgar og viðkomandi ráðuneytis. Tekið er undir að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði lagt til grundvallar við mótun stefnunnar (bls.41) en jafnframt bent á að aðalskipulag Reykjavíkur, sem tekur mið af svæðisskipulagi, verði að sama skapi lagt til grundvallar.

Haraldur Sigurðsson